

## **Fundargerð nr. 3**

### **Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps**

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur og Teams  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 19. nóvember 2020  
**Fundartími:** 13:00 – 14:20  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Heimir Rafn Bjarkason  
Stefán Geirsson  
Steinn Þórarinsson og Börkur Brynjarsson undir lið nr. 1.  
Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna undir lið nr. 2  
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson stýrði fundi.  
Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

#### **Vatnsveita – staða**

Samstarf við sveitarfélög í uppsveitum

Rætt um mögulega þátttöku Flóahrepps í vatnsveituframkvæmdur með sveitarfélögum í Uppsveitum. Búið er að endurskoða gögn varðandi forhönnun og nú er verið að skoða mögulegt rekstarform og stærð eignarhluta hvers sveitarfélags ef til framkvæmda kemur. Þetta þarf að vera skýrt áður en Flóahreppur ákveður að ganga til samstarfs um framkvæmdir.

#### **Vatnsveita Flóahrepps**

Unnið er að sverun lagnar frá Þingdal að Ruddakrók. Allt efni er komið á staðinn og verið að sjóða saman rör. Þriggja fasa rafstrengur verður lagður með lögninni og búið að greiða Rarik tengigjald. Börkur verður í sambandi við Rarik vegna þess. Auka má virkni dælingar um 100 % án þess að skipta um neðri dæluna. Kæmi til þess má þess að ná að auka virkni á dælingu frá borholunni. Eftir er að panta nýja dælu.

Í ljósi þess að uppbygging á Skeiðavegamótum virðist ekki ganga samkvæmt áætlun og ekki hefur borið á vatnsskortu á svæðinu eftir viðgerðir í vetur og sumar, þá er rætt um að fresta framkvæmdum með Suðurlandsvegi um a.m.k. ár. Áætluðum framlögum væri betur fyrir komið í öðrum brýnni verkefnum.

Klæða þarf dæluskúr og einangra til þess að búa betur að dælubúnaði.

Rætt um mögulega veikleika í kerfi vatnsveitunnar eða flöskuhálsa. Stefnt að endurnýjun lagnar á 1,5 – 2 km kafla með Hamarsvegi vegna aukinnar uppbyggingar.

Börkur tekur saman og skilar kostnaðaráætlun vegna verksins.

Börkur og Steinn víkja af fundi.

#### **1. Framkvæmdir – staða og fjárhagsáætlun fyrir árið 2021:**

Flóaskóli: Utanhúss framkvæmdum vegna breytinga á kyndingu í Flóaskóla er að ljúka. Búið að draga niður 2,3 km af varmasöfnunarrörum og ganga frá 2 brunnum vegna þessa verkefnis. Styrk frá Orkusjóði þarf að nýta fyrir áramót og ætti það markmið að nást.

Rætt um að það þurfi að skipta út ofnum og leggja vatnslagnir til þess að fullnýta þennan búnað og ná enn frekari sparnaði í rafmagnsnotkun.

Brynjar beðinn að hafa samráð við Eypór hjá Verkís um að áætla efniskaup vegna þess. Ekki hefur ennþá verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun Flóahrepps en þarf að bæta við sem því nemur.

Rætt um framtíðaráform vegna starfsemi Flóaskóla. Fara þarf í ítarlega þarfagreiningu og samráð við stafs menn íbúa varðandi framtíðar uppbyggingu á svæðinu. Frágangur/förgun á elsta hluta skólahússins bíður þar til niðurstaða liggur fyrir í því verkefni.

Brynjar fór yfir tölur úr fjárhagsáætlun fyrir allar fasteignir. Allar fasteignir sem eru í notkun eru almennt í góðu ástandi eins og er. Markmið að svo verði áfram.

Rætt um möguleika á að koma upp blandaðri byggð á Þingborgarsvæði og að gera þurfi ráð fyrir framlagi vegna vinnu við endurskoðun á skipulagi þar.